
AXIS

Barnatrygging

Vátryggingarsamningur þessi er tryggður af AXIS Specialty Europe SE.

Skírteini þetta er gefið út af þeim vátryggingamiðlara (Coverholder) sem tilgreindur er í skírteininu í samræmi við leyfi veitt undir samkomulagi um tilgreiningu vátryggingamiðlara (Coverholder Appointment Agreement) með markaðstilvísunarnúmerinu (Unique Market Reference - UMR) sem getið er um í skírteininu.

SKÍRTEINI

Vátryggingarskírteini þetta samanstendur af skírteini, skilmálum og öllum öðrum ákvæðum, skilyrðum, meðfylgjandi ábyrgðum og útgefnum viðaukum.

Markaðstilvísun vátryggingamiðlunar (Unique Market Reference/UMR) B1853H240001

Tegund tryggingar: Barnatrygging

Númer vátryggingarskírteinis:

Samningsnúmer:

Dagsetning tilboðs:

Vátryggð/ur/t:

Fæðingardagur:

Heimilisfang:

Nafn vátryggingartaka:

Fæðingardagur:

Heimilisfang:

Gildistími vátryggingar er frá:

til:

að báðum dögum meðtöldum samkvæmt heimilisfangi þess vátryggða/u, og áframhaldandi tímabil sem báðir aðilar komast að samkomulagi um.

Vátryggingarfjárhæð(ir) / hámarks skaðabótaskylda / sjálfsábyrgð

Samanber meðfylgjandi vátryggingarskírteini

Prep

Ársiðgjald þitt:

Skattur af iðgjaldi: Á ekki við

Landfræðileg mörk tryggingar:

Gildir um allan heim

Vátryggjandi:

AXIS Specialty Europe SE er með starfsleyfi frá Seðlabanka Írlands og starfar eftir reglum Fjármálaeftirlitsins. Sé þess óskað getum við veitt nánari upplýsingar um þær reglur sem heyra undir Fjármálaeftirlitið. AXIS Specialty Europe SE er skráð á Írlandi (Skráningarnúmer 353402) á 6. hæð við 20 Kildare Street, Dublin 2, D02 T3V7, Írlandi. ASE er með starfsleyfi frá Seðlabanka Írlands og heyrir undir reglur breska fjármálaeftirlitsins.

Vátryggingamiðlun:

Tryggingamiðlun Íslands. Hlíðasmári 12,201 Kópavogur. Tel: + 354 553 6688. E-mail: tmi@tmi.is

Skráningarnúmer vátryggingamiðlunar:113846CJK

Vátryggingamiðlunin starfar sem umboðsaðili AXIS Specialty Europe SE. og uppfyllir skyldur þess undir samkomulagi um tilgreiningu vátryggingamiðlara innan markaðstilvísunarnúmers (UMR) sem tilgreint er í þessu skírteini.

Skilmálar og viðaukablöð sem fylgja auk sérstakra skilyrða:

Lög sem eiga við um samninginn (lög hvaða lands skera úr um ágreining sem kann að koma upp um samning þennan):

Ísland

Lögsagnarumdæmi sem á við um þennan samning (það land þar sem skorið verður úr um hvern þann ágreining sem upp kann að koma í tengslum við samninginn):

Ísland

Samningur þessi er aðeins gildur ef vátryggður hefur við gerð hans og endurnýjun á hverju ári eftir það lögheimili og búsetu á Íslandi.

Bótakröfur

Þú þarft að krefjast bóta úr þessari vátryggingu getur þú haft samband við Tryggingamiðlun Íslands í síma 5536688 eða með tölvupósti á netfangið claim@tmi.is.

Kvartanir:

Komi til þess að þú þarft að leggja inn kvörtun getur þú haft samband við:

Tryggingamiðlun Íslands - TMI
Hlíðasmári 12
200 Kópavogur
Tel: + 354 553 6688
E-mail: tmi@tmi.is

Kvartanaferli er nánar útskýrt í skilmálum.

Vátryggingarsamningurinn

Í skiptum fyrir greiðslu þess iðgjalds sem tilgreint er í **vátryggingarskírteini** samþykkjum við að tryggja þig samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem tilgreindir eru í vátryggingarsamningi, gegn líkamstjóni og/eða veikindum á þann hátt og upp að því marki sem tilgreint er í samningi þessum á **vátryggingartímabili**.

Iðgjald kemur til greiðslu þegar vátrygging er gefin út nema komist sé að samkomulagi um annað. Greiða þarf iðgjald áður en skaðabótaskylda **okkar** hefst.

Undirritað af:

Dagsett í Kópavogi:

Umsýslukostnaður vegna uppsagnar: Enginn

Þetta vátryggingarskírteini er aðeins gilt beri það undirskrift vátryggingamiðlunar fyrir hönd AXIS Specialty Europe SE.

VÁTRYGGINGARSKÍRTEINI

Trygging þessi bætir einungis þá liði þar sem fjárhæð er tilgreind. Við þá liði sem bætur greiðast ekki standa orðin „EKKI BÆTT“.

Pitt þrep kemur fram á blaðsíðu 2 í skírteini

BÆTUR GREIDDAR VEGNA:

Allar upphæðir eru í íslenskum krónum

		Prep 1	Prep 2	Prep 3
1.	Dánarbætur vegna slyss	500.000	1.000.000	1.500.000
2.	Alger og varanleg örorka Eins og tekið er fram í bótakvarða vátryggingarskírteinis	5.000.000	10.000.000	15.000.000
3.	Varanleg hlutfallsleg örorka Eins og tekið er fram í bótakvarða vátryggingarskírteinis	Að hámarki 5.000.000	Að hámarki 10.000.000	Að hámarki 15.000.000
4.	Sjúkdómatrygging	1.000.000	2.000.000	3.000.000

Aðeins greiðist úr einum ofangreindum lið í tengslum við eitt slys eða einn sjúkdóm, að því undanskildu að mögulegt er að greiðsla úr sjúkdómatryggingarluta getur komið til viðbótar við greiðslu vegna algerar og varanlegrar örorku eða varanlegrar hlutfallslegrar örorku.

Bætur vegna varanlegrar hlutfallslegrar örorku greiðast frá 1% örorku.

Sé varanleg hlutfallsleg örorka meiri en 50% tvöfaldast upphæðin og þrefaldast sé hún meiri en 75%.

EINNIG GREITT VEGNA:

Allar upphæðir eru í íslenskum krónum

		Prep 1	Prep 2	Prep 3
1.	Útfararkostnaður	500.000	1.000.000	1.500.000
2.	Breytingar á heimili vegna lömunar (að minnsta kosti neðan mittis)	500.000	1.000.000	1.500.000
3.	Bætur vegna sjúkrahússinnlagnar (fyrir hverjar 24 klukkustundir í innlögn í að hámarki 365 daga)	2.500	5.000	7.500
4.	Sjúkrakostnaður vegna sálfræðimeðferðar	Allt að 50.000	Allt að 100.000	Allt að 150.000
5.	Kostnaður vegna ferli hjálparkæja	Allt að 250.000	Allt að 500.000	Allt að 750.000
6.	Ferðakostnaður vegna aðgerða erlendis	Allt að 250.000	Allt að 500.000	Allt að 750.000

ÍTARLEGUR LISTI YFIR BÆTUR VEGNA VARANLEGRAR ÖRORKU

Trygging þessi bætir einungis þá liði sem fjárhæð er tilgreind við í vátryggingarskírteini þínu.

ALGER OG VARANLEG ÖRORKA - BÓTAKVARÐI

Meiðsli

Greiðanleg prósent

Alger og varanleg örorka	100%
Alger missir sjónar á báðum augum	100%
Missir handleggs og/eða handar	100%
Algert heyrnartap á báðum eyrum vegna áverka	100%
Missir neðri kjálka – neðri kjálki fjarlægður	100%
Málstol (missir máls)	100%
Missir eins handleggs og/eða fótleggs	100%
Missir eins handleggs og/eða eins fótar	100%
Missir einnar handar og/eða eins fótar	100%
Missir eins fótleggs og/eða einnar handar	100%
Missir beggja fótleggja	100%
Missir beggja fóta	100%

VARANLEG HLUTFALLSLEG ÖRORKA - BÓTAKVARÐI

Meiðsli

Greiðanleg prósent

Missir höfuðbeins í fullri þykkt	
Flatarmál að minnsta kosti 6cm ³	40%
Flatarmál 3-6 cm ³	20%
Flatarmál minna en 3cm ³	10%
Neðri kjálki fjarlægður að hluta, hækkunarhluti í heild eða hálf kjálkabein	50%
Missir eins auga	50%
Algert heyrnartap á öðru eyra	40%
Mikill missir á beinvef í handlegg (afdráttarlaus og óbætanlegur áverki)	50%
Alger lömum handleggs og handar (óbætanlegur taugaskaði)	65%
Alger lömum holhandartaugar	20%
Stíflíður í öxl	40%
Ólnbogastíflíður í hagstæðri stöðu (15 gráður umhverfis rétt horn)	25%
í óhagstæðri stöðu	40%
Mikill missir á beinvef í tveimur beinum framhandleggs	
(afdráttarlaus og óbætanlegur áverki)	40%
Alger lömum miðtaugar	45%
Alger lömum sveifartaugar við snúningshólk	40%
Alger lömum sveifartaugar í framhandlegg	30%
Alger lömum sveifartaugar í hönd	20%
Alger lömum ölnartaugar	30%
Stífur úlnliður í hagstæðri stöðu (beinn og lófi niður)	20%
Stífur úlnliður í óhagstæðri stöðu (beygður eða spenntur eða lófi upp)	30%
Alger missir þumals	25%
Missir þumalfingurs að hluta (fjærkjúka)	10%
Stífur þumalfingur	20%
Algert brotnám vísifingurs	15%
Brotnám tveggja kjúkna í vísifingri	10%
Brotnám fjærkjúku í vísifingri	5%
Brotnám bæði þumals og vísifingurs á sama tíma	35%
Brotnám þumals auk fingurs annars en vísifingurs	25%
Brotnám tveggja fingra annarra en þumals og vísifingurs	12%

Brottnám þriggja fingra annarra en þumals og vísifingurs	25%
Brottnám fjögurra fingra að þumli meðtöldum	75%
Brottnám fjögurra fingra að þumli undanskildum	50%
Brottnám löngutangar	10%
Brottnám fingurs annars en þumals, vísifingurs eða löngutangar	7%
Brottnám læris (efri hluta)	60%
Brottnám læris (neðri hluta) og fótleggs	50%
Alger missir fótur (milli sköflungs og háristar)	45%
Missir fótur að hluta (undir öklabeini)	40%
Missir fótur að hluta (um miðja rist)	35%
Missir fótur að hluta (á mótum ristar og ristarleggsliðar)	30%
Alger lömum fótleggs (ólæknanlegur taugaskaði)	60%
Alger lömum ytri settaugar	30%
Alger lömum innri settaugar	20%
Alger lömum tveggja settauga (innri og ytri settaugar)	40%
Stíflíður í mjöðm	40%
Stíflíður í hné	20%
Missir beinvefs úr læri eða báðum beinum fótleggjar (ólæknanlegt ástand)	60%
Missir beinvefs hnéskel þar sem aðskilnaður beina er talsverður og verulega erfitt er að rétta úr fótleggnum.	40%
Missir beinvefs þar sem hreyfigeta er ekki verulega skert	20%
Stytting fótleggs um að minnsta kosti 5cm	30%
Stytting fótleggs um 3-5 cm	20%
Stytting fótleggs um 1-3 cm	10%
Algert brottnám allra taa	25%
Brottnám fjögurra taa að stórutá meðtalinni	20%
Brottnám fjögurra taa	10%
Stíflíður í stórutá	10%
Brottnám tveggja taa	5%
Brottnám einnar taa annarrar en stórutaa	3%

Varanleg lýti á samarlögðu svæði á andliti og hálsi vegna **örmyndunar** sem hljóttast af **líkamstjóni** vegna **slyss**.

BÆTUR

5-10% af sjáanlegu yfirborði	25%
11-24% af sjáanlegu yfirborði	50%
25% og meira af sjáanlegu yfirborði	100%

Varanleg lýti vegna **örmyndunar** sem hljóttast af **líkamstjóni** vegna **slyss** á öðrum líkamshlutum en andliti og hálsi:

BÆTUR

Afmyndun á 10% af yfirborði	10%
Afmyndun á 11-24% af sjáanlegu yfirborði	40%
Afmyndun á 25-49% af sjáanlegu yfirborði	75%
Afmyndun á 50% eða meira af yfirborði	100%

Efnisyfirlit	bls
Skilgreiningar	9
Mikilvægar upplýsingar	11
Upplýsingar sem þú hefur veitt okkur	12
Hvernig tilkynna skal um breytingar eða skekkjur	12
Uppsögn á þessari váttryggingu	13
Endurgreiðsla iðgjalds	14
Hvað er bætt	14
Aðrir bótaliðir	19
Hvað er ekki bætt	20
Hvernig á að sækja um bætur	22
Það sem þú þarft að gera	22
Hvernig við tökum á bótakröfu þinni	22
Sviksamlegar bótakröfur	23
Hvernig er hægt að leggja fram kvörtun	23
Bótasjóður	24
Lög og lögsagnarumdæmi	24
Uppsetning váttryggingarskírteinis	24
Persónuverndarstefna AXIS	24

Skilgreiningar

Þar sem eftirfarandi orð birtast feitletruð bera þau þá merkingu sem hér er skilgreind

Slys	er skyndilegur, óvæntur, óvenjulegur, sérstakur og utanaðkomandi atburður sem á sér stað á ákveðnum stað og tíma á gildistíma váttryggingar .
Líkamstjón/meiðsli	merkir greinanlegan líkamsskaða sem - er tilkominn af völdum slyss og - eitt og sér og óháð öðrum orsökum (að undanskildum veikindum eða sjúkdómum sem leiða af líkamstjóninu eða læknismeðferðir vegna þess) leiðir til dauða eða örorku þess váttryggða innan tólf mánaða frá slysinu.
Váttryggð/t/ur	Sá einstaklingur sem tryggður er í þessari tryggingu og kemur fram á skírteini.
Missir útlíma	á við um varanlegt tap vegna líkamlegs aðskilnaðar á hendi við eða ofan við úlnlið eða á fæti við eða ofan við ökkla og felur í sér varanlegan og óbætanlegan missi á hendi, handlegg, fæti eða fótlegg þess váttryggða.
Missir sjónar	á við um varanlegan og algeran missi á sjón sem við teljum hafa átt sér stað: - á báðum augum ef fullgildur augnsérfræðingur vottar að sjón þess váttryggða eftir leiðréttingu á báðum augum sé 3/60 eða minna á Snellen skalanum (sem merkir að váttryggði sjáir það sem ætti að sjást í 60 feta (18 m) fjarlægð í innan við 3 feta (1 m) fjarlægð); eða - á öðru auga ef fullgildur augnsérfræðingur vottar að sjón þess váttryggða á því auga sé 3/60 eða minna á Snellen skalanum (sem merkir að váttryggður sjáir það sem ætti að sjást í 60 feta (18 m) fjarlægð úr innan við 3 feta (1 m) fjarlægð).
Opin hjartaaðgerð	á við um aðgerð sem krefst notkunar hjarta- og lungna hjáveitu eða hjarta-og lungnavélar. Í því felst ekki aðgerð sem á sér stað án hjáveitu.
Gildistími váttryggingar	sá tími sem tryggingin gildir samkvæmt skírteini eða þar til henni er sagt upp.
Varanlegur taugaskaði	á við um ákveðin, sannanleg, einkenni um skemmdir á miðtaugakerfi sem gert er ráð fyrir að muni vara til æviloka váttryggðs. Meðal einkenna eru doði, ofurnæmi (aukið næmi), lömun, staðbundið máttleysi, tormæli (erfiðleikar við tal), málstol (ófær um að tala), kyngingarörðugleika, sjónskerðingu, erfiðleikar við gang, skortur á samhæfingu, skjálfti, flog,

vitglöp, óráð eða dauðadá. Á ekki við um niðurstöður úr rannsóknum einum og sér ef einkenni eru ekki til staðar.

Alger varanleg örorka	merkir að vátryggður muni ekki jafna sig af líkamstjóni eða sjúkdómi , óháð starfi, þar sem vátryggður sýnir engin merki um bata og virðist ekki eiga von um að geta nokkru sinni sinnt launuðu starfi eða framfært sér fjárhagslega.
Varanleg hlutfallsleg örorka	á við hlutfallslega örorku sem kemur varanlega í veg fyrir að vátryggður geti framkvæmt sumar en ekki allar venjulegar daglegar líkamlegar athafnir, varir í 12 mánuði samfelld og engin von er um að lagist að þeim tíma loknum. Hlutfall örorku kemur fram í bótakvarða varanlegrar hlutfallslegrar örorku hér á undan. Komi tiltekin örorka ekki fram í kvarðanum skal hún metin af hæfum starfandi sérfræðingi . Hlutfall örorku skal samþykkt af tveimur óháðum hæfum starfandi læknum, einum sem þú skipar og einum sem við skipum. Komi upp ágreiningur skal skipa þriðja óháða hæfa sérfræðingnum sem sker úr um málið og verður hans ákvörðun bindandi fyrir alla aðila.
Vátryggingartaki	Sá einstaklingur sem kaupir trygginguna. Það getur aðeins verið forráðamaður vátryggðs .
Hæfir starfandi sérfræðingar á sviði lækninga	Eru aðilar sem skráðir eru hjá landlækni tiltekins lands með almenn eða sérhæfð réttindi til þess að stunda lækningar, hjúkrun, lyfjafræði og/eða tannlækningar.
Örmyndun	Á við um greinanleg, varanleg og sjáanleg ummerki á húð þar sem örvefur hefur myndast í stað venjulegra vefja sem eyðilagst hafa í líkamstjóni .
Skírteini	Þær blaðsíður í þessu skjali þar sem fram koma nafn vátryggðs og ásamt þínu eigin, vátryggingarfjárhæðir , gildistími vátryggingar og þeir hlutar þessarar tryggingar sem eiga við.
Veikindi	Á við um tryggð veikindi eða sjúkdóm hjá hinum vátryggða sem sýnir fyrstu einkenni á vátryggingartímabili og sem eru ein og sér og óháð öðrum orsökum völd að örorku vátryggðs innan tólf samfelldra mánaða frá því að fyrstu einkennum koma fram.
Við / okkar	AXIS Specialty Europe SE
þú / þitt	Vátryggingartaki sem nefndur er í skírteini.

Mikilvægar upplýsingar

Þetta skjal, skírteinið, og hverjir þeir sérskilmálar sem fylgja mynda váttrygginguna þína. Í váttryggingu þessari eru settir út skilmálar váttryggingarsamningsins á milli þín og okkar. Vinsamlegast lesið allt skjalið vandlega og haldið því til haga á öruggum stað.

Mikilvægt er að:

- Þú athugir hvort upplýsingarnar í skírteininu séu réttar og að í skírteininu komi fram þeir hlutar sem þú hefur óskað eftir að séu tryggðir (sjá hlutann um „upplýsingar sem þú hefur veitt okkur“);
- Þú tilkynnir okkur ef upplýsingar í skírteini eru ekki réttar eða ef eitthvað af þeim upplýsingum breytist (sjá hlutann um „hvernig tilkynna skal um breytingar og skekkju“);
- Þú farir eftir leiðbeiningum í hlutanum „Það sem þú þarft að gera“ ef til bótakröfu kemur (sjá bls 21, undir hverjum hluta og skyldum þínum undir váttryggingunni í heild sinni).

Sé ekki farið eftir ofangreindu gæti það haft neikvæð áhrif á váttrygginguna þína eða hverja þá bótakröfu sem þú kannt að gera.

Höft

Við veitum ekki váttryggingarvernd eða greiðum bætur vegna þessarar tryggingar þar sem slíkt yrði til þess að brjóta nokkurs konar lagaleg eða reglugerðarleg höft, bönn eða takmarkanir.

Aldur

Við veitum ekki vernd fyrir einstaklinga fyrr en þeir hafa náð 1 mánaðar aldri. Þú getur sótt um þessa tryggingu fyrir alla einstaklinga sem hafa náð 1 mánaða aldri og þar til þeir eru 17 ára.

Þegar váttryggður verður 18 ára verður sá váttryggði sjálfkrafa tryggingartaki tryggingarinnar. Váttryggður getur svo haldið tryggingunni eftir breytingar til 26 ára aldurs.

Einhverjar breytingar verða einnig gerðar á váttryggingarverndinni sem veitt er í þessari tryggingu, en þær verða útskýrðar í viðauka sem gefinn verður út fyrir breytingarnar. Þú verður enn greiðandi að tryggingunni þar til okkur er tilkynnt um annað.

Tölvuákvæði

Við veitum váttryggingarvernd vegna líkamstjóns eða veikinda sem hljótast af slysni vegna tölvu-atviks. Við munum hins vegar ekki undir neinum kringumstæðum veita váttryggingarvernd vegna líkamsjóns eða veikinda sem eru bein afleiðing af tölvu-verknaði.

Í samhengi við þetta ákvæði:

Tölvu-verknaður er:

- I. Athæfi framið af ásetningi, án heimildar, af illum hug eða glæpsamlegt athæfi
- II. Röð tengdra athæfa framín af ásetningi, án heimildar, af illum hug eða glæpsamleg
- III. Hótun eða gabb sem tengist I og/eða II hér að ofan, óháð tíma og staðsetningu, sem felur í sér vinnslu, notkun eða stjórnun tölvukerfis.

Tölvu-atvik er:

- I. Mistök eða yfirsjón eða röð tengdra mistaka eða yfirsjóna sem felur í sér aðgang eða vinnslu, notkun eða starfsemi nokkurs tölvukerfis; eða
- II. Ótíltæki eða bilun að hluta til eða öllu leyti eða röð tengdra bilana eða ótíltækis að hluta eða öllu leyti eða brestur á aðgangi, vinnslu, notkun eða stjórnun tölvukerfis.

Tölvukerfi á við um hvaða tölvu, vélbúnað, hugbúnað, samskiptakerfi, rafeindatæki (þar á meðal en ekki eingöngu, snjallsíma, fartölvur, spjaldtölvur, tæki sem hægt er að setja á sig), netþjón, ský eða örtölvu (microcontroller), þar á meðal svipuð kerfi eða hverja uppsetningu þess fyrrnefnda og að meðtöldu hvaða tengda inntaki, úttaki, gagnageymslutæki, netbúnaði eða gagnageymslu, í eign þinni eða annars og/eða stjórnað af þér eða öðrum.

Skipting ábyrgðar/bótaskyldu (e. Several Liability)

Að baki þessari váttryggingu eru fleiri en einn váttryggjandi og ábyrgð þeirra er ekki sameiginleg heldur aðskilin og takmarkast við þá ábyrgð sem hver og einn hefur gengist undir. Hver váttryggjandi ber ekki ábyrgð á ábyrgð annars váttryggjanda sem af einhverjum ástæðum uppfyllir ekki skyldur sínar að öllu leyti.

Upplýsingar sem þú hefur veitt okkur

Við það að samþykkja þessa tryggingu og setja upp skilmála og iðgjald treystum við á þær upplýsingar sem þú hefur veitt okkur. Þú verður að vanda þig í svörum við öllum spurningum okkar og gæta þess að allar upplýsingar sem þú veitir okkur séu nákvæmar og fullkomnar.

Ef í ljós kemur að þú hafir viljandi eða af kæruleysi veitt okkur rangar eða misvísandi upplýsingar munum við meðhöndla trygginguna eins og hún hafi aldrei verið til staðar og synja öllum bótakröfum.

Ef í ljós kemur að þú hafir af gáleysi veitt okkur rangar eða misvísandi upplýsingar gæti það haft neikvæð áhrif á váttryggingu þína og bótakröfur. Til að mynda gætum við ákveðið að:

- fara með þessa tryggingu eins og hún hafi aldrei verið til staðar og neitað að greiða bætur vegna hennar og endurgreitt greidd iðgjöld. Þetta gerum við aðeins ef við veittum þér váttryggingu sem við hefðum ekki boðið með réttar upplýsingar undir höndum; eða
- breyta skilmálum váttryggingar þinnar. Við gætum sett þessa breyttu skilmála á váttrygginguna afturvirkir ef gáleysi þitt hefur neikvæð áhrif á bótakröfu þína; eða
- hækka iðgjald váttryggingar þinnar eða lækka bótafjárhæð í samræmi við það iðgjald sem þú hefur greitt og það iðgjald sem við hefðum boðið um hefðum við haft réttar upplýsingar; eða
- segja upp váttryggingu þinni í samræmi við „uppsögn á þessari váttryggingu“ hlutann.

Við eða váttryggingamiðlarinn þinn munum hafa samband við þig:

- Ef við ætlum að fara með þessa váttryggingu eins og hún hafi aldrei verið til staðar; eða
- Þurfum að breyta skilmálum váttryggingarinnar þinnar; eða
- Ef við krefjumst þess að þú greiðir meira fyrir váttrygginguna þína.

Hvernig tilkynna skal um breytingar eða skekkjur

Ef þú verður þess meðvitaður/uoð að upplýsingarnar sem þú hefur veitt okkur séu rangar eða hafi breyst verður þú að upplýsa váttryggingamiðlara þinn um það eins fljótt og auðið er.

Þegar við erum upplýst um það að upplýsingarnar sem við höfum áður fengið séu ekki réttar munum við láta þig vita hver áhrif þess verða á váttryggingu þína. Til að mynda gætum við aðlagð skilmála váttryggingar þinnar, krafist þess að greitt sé meira fyrir trygginguna eða sagt upp váttryggingunni í samræmi við hlutann um „upsögn á þessari váttryggingu“.

Tilkynnir þú okkur ekki um það að upplýsingarnar sem þú veittir okkur séu ekki réttar eða um breytingar gæti þessi váttrygging orðið ógild og þá er ekki víst að bótakrafa verði greidd að fullu eða yfirleitt.

Uppsögn á þessari váttryggingu

Þú getur sagt þessari váttryggingu upp hvenær sem er með tölvupósti til Tryggingamiðlunar Íslands úr því netfangi sem gefið var upp á upprunalegri umsókn eða með rafrænni undirritun á uppsögn.

Okkur er frjálst að segja upp váttryggingu þessari, að gefnum 14 daga fresti, berist iðgjald ekki innan 30 daga frá útgáfu tryggingar og dagsetningu tilkynningar um eindaga. Við getum einnig afturkallað váttrygginguna af öðrum ástæðum en þeirri að iðgjald sé ekki greitt með 60 daga skriflegum fyrirvara. Það gerum við aðeins af gildri ástæðu (dæmi um gildar ástæður eru):

- Breytingar á áhættu sem þýðir að við getum ekki lengur veitt þér váttryggingu
- Skortur á samvinnu eða skortur á þeim upplýsingum eða skjölum sem við óskum eftir, eða
- Ógnandi hegðun eða hótanir og óviðeigandi talsmáti.

Þessi trygging er endurskoðuð árlega. Eftir þessa yfirferð er tryggingin ýmist endurnýjuð án breytinga, endurnýjuð með breytingum á skilmálum og/eða ársiðgjaldi eða sagt upp. Staða á greiðslu iðgjalda hefur ekki áhrif á endurnýjun en séu ógreidd iðgjöld við endurnýjun skal fylgja því ferli sem lýst er hér að ofan varðandi vanefndir á greiðslu iðgjalds.

Endurskoðun tryggingar tekur mið af afstöðu okkar til eftirfarandi:

- Framtíðar bótakrafa
- Fjárfestingarmöguleika á iðgjaldasjóðum
- Fjölda váttryggingartaka sem hætta snemma með tryggingar sínar
- Verðbólgu
- Skattlagningar
- Þeirrar upphæðar sem ætlast er til að við höldum í varasjóðum/bótasjóðum
- Þeirrar upphæðar sem við þurfum að greiða endurtryggjendum sem deila kostnaði við það að veita váttryggingarvernd og greiða bætur, með tilliti til þeirra forsenda sem fram koma í þessum skilmálum, og
- Heilsu váttryggðs eftir bótakröfu sem gerð hefur verið í þessa tryggingu

Við hverja endurskoðun berum við saman álit okkar frá töku tryggingar og fyrri endurskoðunum við nýtt álit okkar. Við þennan samanburð notum við sanngjarna aðferð við útreikning til að finna út nýtt iðgjald ef um breytingar verður að ræða. Það eru engin takmörk fyrir þeim hækkunum eða lækkunum sem við kunnum að ákveða á iðgjaldið.

Hver þau gögn sem kunna að vera hjá AXIS (váttryggjanda) vegna annarra trygginga þinna verða ekki notuð við endurskoðun iðgjalds.

Við munum láta þig vita með 30 daga fyrirvara ef gera þarf breytingar á tryggingunni þinni.

Purfi af einhverjum ástæðum að hafna tryggingunni við endurnýjun verður það gert með 60 daga fyrirvara í samræmi við íslensk lög.

Endurgreiðsla iðgjalds

Um þessa tryggingu gildir 30 daga iðrunarfrestur sem hefst sama dag og tryggingin.

Segir þú tryggingunni upp innan þess tíma, að því gefnu að þú hafir ekki stofnað til bótakröfu, munum við endurgreiða að fullu öll þau iðgjöld sem þú hefur greitt.

Sé tryggingunni sagt upp eftir að iðrunarfresturinn er liðinn, að því gefnu að þú hafir ekki stofnað til bótakröfu, átt þú rétt á endurgreiðslu fyrir þann tíma sem þú hefur greitt umfram þann tíma sem tryggingin hefur verið í gildi. Sú upphæð er reiknuð hlutfallslega. Til að mynda, hafi **vátryggður** verið tryggður í sex (6) mánuði, er kostnaðurinn við það hálf ársiðgjald.

Ef við greiðum bótakröfu, hvort sem það er að fullu eða hluta, verður ekkert iðgjald endurgreitt. Áður en við greiðum bótakröfu þarf að greiða ársiðgjaldið að fullu.

Hvað er bætt

Við greiðum bætur samkvæmt “bótakvarða” ef **vátryggður** verður fyrir líkamstjóni og/eða sjúkdómi á gildistíma vátryggingar sem verður til þess að **vátryggður**:

1. **Lætur lífið af slysförum** - bætur greiðast í samræmi við erfðalög nema annað sé tekið fram á umsókn eða öðru fylgiskjali.
2. **Alger varanleg örorka** eins og tekið er fram í vátryggingarskírteini.
3. **Varanleg hlutfallsleg örorka** eins og tekið er fram í vátryggingarskírteini.
4. **Sjúkdómatrygging** sjá lið 9 í skilyrðum hér að neðan.

Skilyrði

1. Séu dánarbætur innifaldar í tryggingu og **vátryggður** lætur lífið vegna **slyss** innan tólf (12) mánaða frá slysdegi og áður en lokauppgjör hefur farið fram vegna örorku í samræmi við lið 2 og 3 hér að ofan, verður greidd hámarksupphæð miðað við lið 1 - andlát.
2. Bætur vegna **algerrar varanlegrar örorku** eða **hlutfallslegrar varanlegrar örorku** greiðast ekki fyrr en að tólf (12) mánuðum liðnum frá þeim degi sem örorkan hófst vegna **líkamstjóns** eða greiningardegi **sjúkdóms**. Komi til þess að hlutfallsleg örorka vátryggðs verði alger miðast hámarksbætur við hæstu upphæð sem fram kemur í skírteini undir lið 2 - **alger varanleg örorka**.
3. Séu bætur vegna **algerrar varanlegrar örorku** eða **hlutfallslegrar varanlegrar örorku** innifaldar þarf samþykki tveggja **starfandi sérfræðinga á sviði lækninga**, þar sem annar er skipaður af þér og hinn af okkur. Komi til ágreinings þarf að skipa þriðja **starfandi sérfræðinginn á sviði lækninga** og verður ákvörðun hans bindandi fyrir alla aðila.
4. Hafir þú keypt tryggingu fyrir **algera varanlega örorku** og/eða **varanlega hlutfallslega örorku** er sú upphæð sem kemur fram í skírteini sú hæsta sem mögulegt er að greiða vegna þessarar tryggingar. Í bótakvarða kemur fram hlutfall örorku og heildarhlutfall mögulegrar greiðslu komi til þess að **vátryggður** verði fyrir líkamstjóni af slysförum eða sjúkdómi sem leiðir til einhverrar af þeirri örorku sem þar kemur fram.

5. Heildar upphæð sem mögulegt er að greiða vegna fleiri en eins líkamstjóns vegna sama slyss reiknast með því að leggja saman þær prósentur sem við eiga en ekki er mögulegt að fara yfir 100% af þeirri vátryggingarfjárhæð sem kemur fram í skírteininu þínu. Til að mynda er algert heyrnarleysi á öðru eyra 40% og alger lömum miðtaugar 20% og þar af leiðandi kæmi til greiðslu 60% upphæðarinnar sem kemur fram í skírteini þínu vegna varanlegrar hlutfallslegrar örorku.
6. Sé um að ræða varanlega örorku sem ekki kemur fram í bótakvarða munum við meta örorkuna í samræmi við ráðleggingar sérfræðings á sviði lækninga með því að bera saman þau hlutföll sem fram koma í bótakvarða.
7. Komi til þess að fleiri en einn liður af varanlegri hlutfallslegri örorku komi til greiðslu getur heildarupphæð ekki orðið hærri en 100% af þeirri upphæð sem sett er upp í skírteini undir lið 3.
8. Eftirfarandi skilyrði falla undir lið 4 - sjúkdómatrygging:
 - a. Ósæðaraðgerð - vegna sjúkdóms eða líkamstjóns.
 - i. Aðgerð, þar á meðal aðgerð um lítinn skurð (keyhole), vegna sjúkdóms eða líkamstjóns á ósæð sem gera þarf við eða skipta um hluta af sýktri eða skemmdri ósæð. Í þessum skilningi á ósæð við um brjóst- og kviðarhols hluta ósæðar en ekki greinar hennar.
 - b. Heilahimnubólga af völdum bakteríu
 - i. Greining um heilahimnubólgu af völdum bakteríu og **varanlegur taugaskaði** staðfestur af taugalækni. Aðrar tegundir heilahimnubólgu, þar á meðal vegna veiru, eru undanskildar.
 - c. Góðkynja heilaæxli
 - i. Góðkynja æxli í heila sem þarfnast að minnsta kosti einnar af eftirfarandi meðferðum:
 1. Aðgerð sem fjarlægir skemmdir að fullu leyti eða hluta til.
 2. Aðgerð með útvarpsbylgjum (stereotactic radiosurgery).
 3. Geislameðferð.
 - ii. Sé engin af ofangreindum meðferðum möguleg af læknisfræðilegum ástæðum, verður æxlið að hafa valdið **varanlegum taugaskaða**. Æxli eða skemmdir í heildadringli falla ekki undir þessar tryggingu.
 - d. Krabbamein
 - i. Aðeins er hægt að gera bótakröfu undir þessum lið ef **vátryggður** fær sína fyrstu greiningu á krabbameini (eins og tekið er fram) 90 dögum eftir að tryggingin hefur tekið gildi og á meðan hún er enn í gildi og lifir í 14 daga frá greiningardegi.
 - ii. Illkynja æxli sem einkennist af óstjórnlegum vexti og útbreiðslu illkynja frumna og ífarandi vefjum. Hugtakið krabbamein á við um hvítblæði og Hodgkins sjúkdóm en eftirfarandi er undanskilið:
 1. Öll krabbamein sem er vefjafræðilega lýst sem ekki orðin illkynja, sem eru ekki ífarandi eða eru staðbundin.
 2. Öll form eitlafrumukrabbameins sé til staðar ónæmisbilunarveira;
 3. Kaposi sarkmein sé til staðar ónæmisbilunarveira;

4. Hvers konar húðkrabbamein að undanskildu ífarandi illkynja sortuæxli.

e. Dauðadá

- i. Meðvitundarleysi þar sem engin viðbrögð eru við utanaðkomandi áreiti eða innvortis þörfum, ástand sem varir með aðstoð öndunarvélar stanslaust í að minnsta kosti 96 klukkustundir og leiðir af sér varanlegan taugaskaða.

f. Hjáveituaðgerð á kransæðum

- i. Opin hjartaskurðaðgerð að ráði hjartasérfræðings til þess að laga þrengingar í slagæðum með hjáveitugræðlingi en að undanskilinni hjartaþræðingu með blöðru, laser eða aðrar aðgerðir.

g. Creutzfeldt-Jakob sjúkdómur

- i. Afdráttarlaus greining á creutzfeldt-jakob sjúkdómi staðfest af taugafræðingi.

h. Slímseigjusjúkdómur

- i. Slímseigjusjúkdómur greindur af sérfræðingi í barnalækningum. **Vátryggður** verður að hafa haft krónískan lungnasjúkdóm og/eða skort á framleiðslu brissafa. Einnig þarf svitapróf að sýna fram á að styrkur klóríðs sé yfir 60 mmol/l hjá 16 ára og yngri en meiri en 80 mmol hjá eldri en 16 ára.

i. Sykursýki 1

- i. Sykursýki greind af sérfræðingi í barnalækningum eða lyflækningum. Fastandi blóðsykur verður að hafa verið hærri en 8 mmol/l í mörgum prufum og **vátryggður** þarf að hafa fengið meðferð með insúlíni í meira en þrjá mánuði.

j. Hjartaáfall

- i. Drep í hluta hjartavöðvans af völdum skerts blóðflæðis sem valdið hefur öllum af eftirfarandi ummerkjum um brátt hjartadrep:
 - 1. Dæmigerður brjóstverkur
 - 2. Nýjar auðkennandi breytingar á hjartalínuriti, og
 - 3. Auðkennandi hækkun á hjartaensímum, trópónínnum eða öðrum lífefnafræðilegum merkjum sem benda óumdeilanlega til bráðs hjartadreps.
- ii. Aðrir bráðir kransæðasjúkdómar, þar á meðal en ekki einungis hjartaöng, falla ekki undir þessa skilgreiningu.

k. Viðgerð eða skipti á hjartaloku

- i. Að gangast undir hjartaaðgerð af læknisfræðilegri nauðsyn til þess að skipta um eða gera við eina eða fleiri hjartaloku.

l. Alnæmi - HIV / AIDS

- i. Bætur greiðast vegna sýkingar af völdum HIV eða staðfestrar greiningar á alnæmi (AIDS), sem rekja má til þess að þiggja blóð eða blóðhluta og uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:
 1. Sýkingin sé afleiðing þess að þiggja blóð eða blóðhluta af læknisfræðilegri nauðsyn og að það ferli hafi átt sér stað eftir að þessi trygging tók gildi.
 2. Að stofnunin og/eða blóðbankinn sem lagði til og sá fyrir blóði/blóðhlutum sé opinberlega viðurkennd af heilbrigðisyfirvöldum.
 3. Heilbrigðisstofnunin þar sem blóðgjöfin var gerð viðurkennir ábyrgð sína.
 4. HIV vírusinn þarf að finnast í blóðinu 12 mánuðum eftir blóð- eða blóðhlutagjöfina.
- ii. Bætur eru greiddar vegna HIV sýkingar eða alnæmis (AIDS) sem er afleiðing sýkingar vegna óhapps með sprautunál sem skilin hefur verið eftir á leikvöllum, í almenningsgörðum eða öðrum opinberum svæðum.
- iii. Bætur greiðast vegna HIV sýkingar, eða alnæmis (AIDS) sem er afleiðing sýkingar, sé það bein afleiðing líkamsárásar sem felur í sér snertingu við ýmist nál eða annað beitt verkfæri eða kynferðisárás.
- iv. Atvikið þarf að hafa átt sér stað eftir dagsetningu ætlaðrar áhættu í váttryggingarskírteini og að hafa verið tilkynnt til lögreglu innan fimm daga og
 1. Próf sem sýnir fram á fjarveru HIV og mótefna við slíkum virus innan fimm daga
 2. Jákvæðar niðurstöður fyrir HIV innan 12 mánaða frá tilkynnta atvikinu

m. Barnaliðagigt

- i. Barnaliðagigt eða krónísk liðagigt sem greind er á samþykktu sjúkrahúsi eða af sérfræðingi í gigtarsjúkdómum. Með gigtveiki er átt við bólgu í liðum og að minnsta kosti tvö af eftirfarandi einkennum: tap á hreyfigetu, hækkadán hita og sársauka.
 1. Börn undir 16 ára: Þvagsýrugigt í fleiri en einum lið í meira en þrjá mánuði. Rannsóknir verða að hafa farið fram til þess að útiloka að einkenni stafi frá liðagigt tengdri sýkingu, smitandi liðasjúkdómi, bæklunarsjúkdóma, áverka, óeðlilega vefjasamgróninga, ónæmishöfnun og æðabólgu.
 2. Einstaklingar 16 ára og eldri: Að minnsta kosti fjögur af sjö eftirfarandi einkennum þurfa að vera til staðar:
 - a. Stífleiki á morgnana
 - b. Liðbólga í þremur eða fleiri af eftirfarandi liðum á sama tíma: úlnlið, nærkjúkulið fingra, miðkjúkulið fingra, olnboga,
 - c. Hnjálið, ökkla og tálið
 - d. Liðagigt í eftirfarandi liðum handar: úlnlið, nærkjúkulið fingra eða miðkjúkulið fingra

- e. Samhverf liðagigt (liðagigt í sömu liðum hægra og vinstra megin í líkamanum á sama tíma)
- f. Gigtarhnútar
- g. Jákvæðir gigtarþættir
- h. Dæmigerðar breytingar á höndum og úlnliðum sem koma fram á röntgenmyndum

Einkenni a-d verða að hafa verið til staðar í að minnsta kosti 6 vikur. Einkenni b-e þurfa að vera greind af sama lækni og greindi sjúkdóminn.

n. Nýrnabilun

- i. Nýrnabilun á lokastigi sem birtist sem krónísk óafturkræf bilun í virkni beggja nýrna sem verður til þess að hefja þarf blóðskilun eða framkvæma nýrna ígræðslu.

o. Líffæraflutningur

- i. Að gangast undir líffæragjöf á beinmerg eða heilu hjarta, nýru, lifur, lunga, brisi eða smáþörmum eða að vera á opinberum evrópskum biðlista eftir slíkri aðgerð.

p. MND sjúkdómur

- i. Staðfesting taugasérfræðings á óumdeilanlegri greiningu á MND sjúkdómi.

q. MS - heila og mænusigg

- i. Ákveðin greining taugasérfræðinga á MS sem uppfyllir bæði af eftirfarandi skilyrðum:
 - 1. Til staðar verður að vera skerðing á hreyfigetu og starfsemi skynfæra sem varið hefur án hlés í að minnsta kosti sex mánuði.
 - 2. Greiningin þarf að vera staðfest með þeim greiningartækjum sem til staðar eru á tíma bótakröfu.

r. Opin hjartaaðgerð

- i. Að gangast undir **opna hjartaaðgerð** að ráði hjartasérfræðings til að leiðrétta frávik í líkamsbyggingu hjartans.

s. Parkinson sjúkdómur

- i. Staðfesting taugasérfræðings á afdráttarlausri greiningu á Parkinson sjúkdómi.

t. Heilablóðfall

- i. Atvik í heilaaðum sem leiðir af sér **varanlegan taugaskaða**. Heilablóðþurrð eru sérstaklega undanskilin.

u. Þriðja stigs bruni

- i. Þriðja stigs brunasár sem þekja að minnsta kosti 10% af yfirborði líkamans.

v. Lungnaháprýstingur

- i. Ástand þar sem meðalþrýstingur lungna fer yfir 20 mmHg í liggjandi hvíldarstöðu vegna skemmda á lungnaslagæðum. Greining þarf að vera að fullu staðfest af sérfræðingi með hjartapræðingu þar sem meðal þrýstingur í lungnaslagæð þarf að mælast yfir 20 mmHg og ofstækkun eða útvíkkun í hægri hvolfi og merki um hjartabilun hægra megin þurfa að vera lækisfræðilega skráð og hafa verið til staðar í að minnsta kosti þrjá mánuði.
- w. Blóðskortur vegna hnignunar í beinmerg
 - i. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og byggð á sýni úr beinmerg. Staðfesta þarf risarauðkornablóðleysi daufkyrningafæð og blóðflagnafæð með blóðrannsókn og nauðsynlegt þarf að vera að grípa til eftirfarandi tegunda af meðferð: ónæmisbælandi meðferð, meðferð með örvandi efnum fyrir beinmerg í að minnsta kosti þrjá mánuði, meðferð með blóðgjöf.

Aðrir bóталиðir

1. Útfararkostnaður
2. Breytingar á heimili vegna lömunar
3. Bætur vegna innlagnar á sjúkrahús
4. Sjúkrakostnaður vegna sálfræðitíma
5. Kostnaður vegna ferli hjálparkæja
6. Ferðakostnaður vegna aðgerða erlendis

Skilyrði varðandi aðra bóталиði

1. Komi til andláts **vátryggðs** munum við greiða þér útfararkostnað í samræmi við þá upphæð sem kemur fram í skírteininu þínu.
2. Sé samþykki okkar fengið fyrirfram, munum við endurgreiða þér allt að 80% af kostnaði, en þó hámark þá upphæð sem kemur fram í vátryggingaskírteini þínu, við nauðsynlegar breytingar á heimili til að koma til móts við þarfir **vátryggðs** hafi hann orðið fyrir **algerri varanlegri örorku** vegna lömunar í kjölfar atburðar sem fellur undir þessa tryggingu. Lömun er algert óafturkræft tap á virkni vöðva eða tilfinningu til einhverra tveggja útlíma í heild sinni, tilkomin vegna líkamstjóns eða sjúkdóms. Örorkan þarf að vera varanleg og sannanleg með viðeigandi taugafræðilegum sönnunargögnum.
3. **Við** greiðum upphæðina sem fram kemur í vátryggingarskírteininu þínu á dag fyrir hverjar 24 klukkustundir af innlögn **vátryggðs** á sjúkrahús sem sjúklingur, sé **vátryggður** lagður inn á skráð sjúkrahús vegna afleiðinga **líkamstjóns** eða **sjúkdóms** í allt að 354 daga.

Sjúkrahús dagpeningar greiðast ekki vegna vátryggðs sem náð hefur 18 ára aldri.

4. Hafi hæfur starfandi sérfræðingur á sviði lækninga eða geðlæknir ávísað sálfræðimeðferð vegna áfalls sem átti sér stað á þeim tíma sem tryggingin var í gildi, í tengslum við
 - a. Andlát foreldris eða forráðamanns;
 - b. Árás og ofbeldi, þar á meðal kynferðislegt ofbeldi;
 - c. Greiningu á bótatengdu tjóni undir þessari tryggingu;
 - d. einelti;

við endurgreiðum þér útlagðan kostnað upp að þeirri upphæð sem tiltekin er í **vátryggingarskírteini þínu**.

Sjúkrakostnaður vegna sálfræðimeðferðar greiðist aðeins vegna vátryggðra sem ekki hafa náð 18 ára aldri.

5. Að fengnu fyrir fram samþykki **okkar** endurgreiðum við þér 80% af kostnaði, upp að þeirri hámarksupphæð sem fram kemur í **vátryggingarskírteini þínu**, við ferilhjálpartæki sem sérfræðingur segir **vátryggðan** þurfa í kjölfar líkamstjóns eða sjúkdóms sem fellur undir þessa tryggingu.
6. Verði **vátryggður** fyrir líkamstjóni eða greinist með sjúkdóm, og það staðfest af hæfum sérfræðingi á sviði lækninga að þörf sé á að ferðast út fyrir Ísland til að fara í aðgerð, munum við endurgreiða þér 80% af ferðakostnaði upp að þeirri hámarksupphæð sem tiltekin er í **vátryggingarskírteini þínu**. Þetta er háð því að **vátryggður** búi á Íslandi þegar **slys** / greining á sér stað og að allar fyrri meðferðir fram að nauðsynlegri aðgerðinni hafi farið fram á Íslandi.

Hvað er ekki bætt:

Þessi trygging bætir ekki bótakröfur sem til eru komnar vegna:

1. Meðferðar sem átti sér stað 24 mánuðum eftir að **vátryggður** fékk líkamstjón og /eða fyrstu sjúkdómseinkenni birtust.
2. Kostnaðar vegna eða tengdan valkvæðum lýtaaðgerðum.
3. Reglubundinna meðferða hjá tannlæknum og augnlæknum, eða gervitennur, gleraugu, linsur eða snertilinsur.
4. Meðferðar hjá hnykkjara, sjúkrabjálfa eða nokkrum öðrum óhefðbundnum lækningameðferðum nema með tilvísun frá **hæfum sérfræðingi á sviði lækninga** og svo samþykkt af **okkur**.
5. Áframhaldandi reglulegs lyfjakostnaðar vegna nokkurs ástands eða meðferðar sem hófst áður en tryggingin tók gildi.
6. Kostnaðar sem fæst greiddur eða endurgreiddur í gegnum kerfi eins og evrópska sjúkratryggingu, íslenska sjúkratryggingakerfið eða aðra vátryggingu.
7. Kostnaðar vegna reglubundinna læknisrannsókna, skoðana, prófa eða myndrannsókna nema slíkt sé í tengslum við líkamstjón **vátryggðs** vegna **slyss** eða **sjúkdóms** sem greindist eftir að þessi trygging tók gildi.
8. Lyfja eða eiturlyfja án lyfseðils frá **hæfum sérfræðingi á sviði lækninga**.
9. Kostnaðar sem hlýst af því að fara ekki að ráðum **sérfræðings á sviði lækninga**.
10. Fæðingargalla eða meðfæddra **sjúkdóma**.
11. Stríðs, hvort sem því hefur verið lýst yfir eða ekki, hernaðaráttök, stríðsaðgerðir eða borgarastríð.
12. Notkun, eða hótun á notkun, sjúkdómsvaldandi eða eittraðra lífrænna eða tilbúinna efna, af einhverjum einstaklingi af pólitískum, trúarlegum, hugmyndafræðilegum eða einhverjum álíka ástæðum með þeim tilgangi að hafa áhrif á ótiltekna ríkisstjórn og /eða hræða almenning eða ákveðna hluta almennings.
13. Kjarnahvarfs, kjarnageislunar eða geislavirkrar mengunar.
14. Afleiðingar eða ógn af nokkrum sjúkdómi sem:
 - a. Er tilkynningaskyldur til ríkistjórnar eða staðaryfirvalda samkvæmt lögum, reglum eða samþykktum
 - b. Hefur verið lýst sem bráðri hættu við lýðheilsu þjóða þvert á landamæri (PHEIC) af

Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO).

15. **Vátryggður** leggi stund á herþjónustu eða taki þátt í aðgerðum á vegum hers.
16. Sjálfsvígs **vátryggðs**, tilraunar til slíks eða sjálfskaða.
17. Að **vátryggður** leggi sig viljandi í mikla hættu (nema til þess að reyna að bjarga mannlífi).
18. Þátttöku **vátryggðs** í glæpsamlegu athæfi.
19. Þess að **vátryggður** hafi verið undir áhrifum áfengis fyrir ofan mörk þess sem telst löglegt til þess að keyra vélknúð ökutæki í viðkomandi landi, eða lyfja/eiturlyfja sem eru ekki samkvæmt lyfseðli. Allar bótakröfur sem tilkomnar eru vegna áfengis eða lyfja/eiturlyfja notkunar (nema með lyfseðli) eru einnig undanskilin. The **Insured** being intoxicated, by alcohol which is above the legal limits to drive a vehicle in the country the **insured** is driving within, or drugs, unless prescribed by a registered Qualified medical practitioner. All claims which arise due to alcohol or drug use (unless prescribed, as above) are also excluded.
20. Taugaveiklunar, sálrænnar taugaveiklunar, persónuleikaraskana eða geðrofs, kvíða, þunglyndis, álags, þreytu, kulnunar (burnout) eða annarra andlegra eða geðrænna raskanna.
21. Krónískra verkjasjúkdóma, þar á meðal en ekki bundið við króníska eða flókna staðbundna verkjasjúkdóma eða vefjagigt (sjúkdóm sem einkennist af krónískum verkjum í vöðvum og mjúkum vefjum í kringum liði, þreytu og aumum punktum á tilteknum svæðum líkamans (kvikupunktur).
22. Vegna slyss eða slysa þar sem **vátryggður**, hvort sem er sem ökumaður eða farþegi, er í óskráðu ökutæki eða skráðu ökutæki þar sem ökumaður og/eða farþegar eru ótryggðir, hvort sem það er vélknúð eða rafknúð, nema það sé tiltekið sérstaklega í umsókn og samþykkt af okkur með hækkun iðgjaldi.
23. Notkunar eða vanhæfni til að nota smáforrit, hugbúnað eða forrit í tengslum við raftæki (til að mynda tölvu, fartölvu, snjallsíma, töflu eða raftæki sem getur tengst internetinu).
24. Ástands, hvort sem það var greint eða ekki, sem **vátryggður** hefur leitað ráða við, greiningar, meðferðar eða ráðgjafar eða sem þú vissir af eða hefðir átt að vita af þegar tryggingin tók gildi eða sem **vátryggður** hefur leitað meðferðar við einhvern tíma á síðustu þremur (3) árum fyrir töku tryggingar.
25. Andláts **vátryggðs** af völdum sjúkdóms.
26. Þátttöku **vátryggðs** í keppnum (öðrum en frjálsum íþróttum eða sundi í sundlaug).
27. Akstri **vátryggðs** á fjórhjóli, torfæruhjól eða vélsleða (nema slíkt hafi verið samþykkt af okkur skriflega og greitt fyrir það með hækkun iðgjaldi).
28. Þegar **vátryggður** er orðinn 16 ára eru tjón sem til eru komin að hluta eða öllu leyti vegna eftirfarandi undanskilin:
 - a. Mótorsport
 - b. Bardagalistir
 - c. Fjallaklifur
 - d. Klettaklifur
 - e. Bjargsig
 - f. Köfun
 - g. Öll áhugamál sem tengjast flugi og svifi
 - h. Fallhlífastökk

Hvernig á að sækja um bætur

Það sem þú þarft að gera

Þú þarft að fylgja þeim kvöðum sem settar eru fram hér fyrir neðan. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu að þú hafir ekki fylgt þessum kvöðum og það þannig haft neikvæð áhrif á bótakröfu þína getum við neitað greiðslu eða lækkað þær upphæðir sem við greiðum fyrir hvert tjón.

1. Komi upp slys eða veikindi sem valda eða kunna að valda því að bótakrafa verði gerð til þessarar váttryggingar verður þú að gera eftirtalið eins fljótt og auðið er:

a) gæta þess að **váttryggður** leiti til tilhlýðilega hæfs starfandi sérfræðings á sviði lækninga; og

b) tilkynna Tryggingamiðlun Íslands um tjónið.

2. Þú verður að veita okkur eða læknisfræðilegum ráðgjafa **okkar** allar nauðsynlegar heimildir til þess að fá aðgang að eða útvega allar læknskýrslur, punkta og bréfaskipti vegna þess sem snýr að bótakröfunni eða tengdu heilsufars ástandi sem var fyrir (eins og lýst er í A.16 á blaðsíðu 19). Læknisfræðilegi ráðgjafinn þarf að fá leyfi til þess að rannsaka þig á þann hátt sem við teljum nauðsynlegan svo hægt sé að meðhöndla kröfuna þína.

3. Þú verður að sjá Tryggingamiðlun Íslands fyrir öllum þeim upplýsingum sem við kunnum að óska eftir og þar á meðal útfylltu og undirrituðu eyðublaði fyrir bótakröfu.

4. Allar bótakröfur undir þessari tryggingu þurfa að berast til **okkar** í gegnum Tryggingamiðlun Íslands innan eins árs frá því að kringumstæður bótakröfunnar koma upp.

5. Þegar okkur hefur verið tilkynnt um tjón þurfa allar upplýsingar sem við biðjum um að berast okkur innan ákveðins tímaramma. Berist okkur ekki upplýsingar innan 3 mánaða frá því að við óskum eftir þeim áskiljum við okkur rétt til þess að líta svo á að málinu sé lokið. Við munum tilkynna þér um þá fyrirætlan **okkar** að loka bótakröfu þinni berist okkur ekki umtalaðar upplýsingar og þú færð tækifæri til þess að afhenda okkur þær upplýsingar. Ef þessi töf skaðar fyrirsögnir **okkar** getum við ef til vill ekki haldið áfram með bótakröfuna.

6. Þér ber skylda til þess gæta þess að **váttryggður** fylgi eftir þeirri meðferð sem læknar og heilbrigðisstarfsfólk mælist fyrir um til þess að flýta bata. Sé fyrirmælum og ráðleggingum um meðferð ekki fylgt eftir gæti það orðið til þess að bætur verði ekki greiddar.

Hvernig við tökum á bótakröfu þinni

Þegar þú tilkynnir Tryggingamiðlun Íslands um bótakröfuna munum við senda þér eyðublöð sem þú þarft að fylla út og skila til **okkar**.

Þegar búið er að samþykkja bótakröfuna munum við greiða þér þá upphæð sem tiltekin er á viðkomandi stað í váttryggingarskírteini.

1. Heildarupphæðin sem er greiðanleg undir þessari tryggingu með tilliti til eins (1) tjóns eða fleiri getur ekki orðið hærri en hámarksupphæð undir viðeigandi lið í váttryggingarskírteini.

2. Bótafjárhæð verður greidd í íslenskum krónum (ISK).

Sviksamlegar bótakröfur

Gerir þú sviksamlega bótakröfu undir þessum vátryggingarsamningi:

- (a) Ber **okkur** ekki skylda til að greiða tjón; og
- (b) Getum **við** gert kröfu á þig um endurgreiðslu á hverjum þeim bótum sem **við** höfum þegar greitt í tengslum við bótakröfuna;
- (c) Megum **við** tilkynna þér um uppsögn samningsins frá þeim tíma sem sviksamlega krafan hófst.

Nýtum **við** rétt **okkar** undir lið (c) hér að ofan:

- (a) Berum **við** ekki bótaskyldu gagnvart þér varðandi nokkurn viðeigandi atburð sem orðið kann að hafa á þeim tíma. Viðeigandi atburður er hver sá atburður sem setur af stað bótaskyldu undir vátryggingarsamningi (svo sem tjón, bótakrafa eða tilkynning um mögulega bótakröfu); og
- (b) **Við** þurfum ekki að endurgreiða greidd iðgjöld.

Hvernig er hægt að leggja fram kvörtun

Markmið **okkar** er að tryggja að öllum hliðum vátryggingar þinnar sé sinnt á eins fljótlegan, vandvirkan og sanngjarnan hátt og mögulegt er. **Við** viljum alltaf veita þér eins góða þjónustu og auðið er.

Hafir þú einhverjar spurningar varðandi vátrygginguna þína eða ef, á einhverjum tímapunkti, þú óskar eftir því að leggja fram formlega kvörtun ætti hún að vera stíluð á:

Tryggingamiðlun Íslands - TMI
Hlíðasmári 12
201 Kópavogur
Sími: + 354 553 6688
Netfang: tmi@tmi.is

Móttaka kvörtunar þinnar verður staðfest, skriflega, innan 5 (fimm) virkra daga frá því að kvörtun er lögð fram.

Úrskurður kvörtunar þinnar verður sendur til þín, skriflega, innan 4 (fjögurra) vikna frá því að kvörtun lögð fram.

Ef þú ert ekki sátt/ur við lokaákvörðun **okkar** eða ef þér hefur ekki borist lokasvar innan fjögurra vikna frá því kvörtun var lögð fram getur verið að þú eigir rétt á að fara með mál þitt fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum hér á Íslandi.

Úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum

Höfðatún 2
105 Reykjavík
Ísland
Sími: 520 3700
Fax: 520 3727

Netfang: urskvatr@fme.is

Vefsíða: <https://www.fme.is/eftirlit/neytendur/urskurdarnefndir/urskurdarnefnd-i-vatryggingamalum/>

Ef þú hefur keypt samninginn þinn á netinu getur þú einnig sent kvörtun í gegnum vefsvæði Evrópusambandsins um lausn deilumála (ODR). Vefsvæði ODR er www.ec.europa.eu/odr.

Kvörtunarferlið nefnt hér að ofan hvorki útilokar málshöfðun sem þú hefur rétt á að hefja né hefur áhrif á framvindu lausnar ágreinings samkvæmt samningi þínum.

Bótasjóður

AXIS Specialty Europe SE (ASE) er tryggt hjá bótasjóði váttryggjenda (Insurance Compensation Fund (ICF)). Þú gætir átt rétt á bótum frá ICF sé ASE ekki fært um að koma til móts við skyldur sínar innan þessarar váttryggingar.

Eigir þú rétt á bótum frá ICF, fer upphæð þeirra eftir eðli þessarar váttryggingar. Seðlabanki Írlands hefur yfirumsjón með þessu kerfi og finna má nánari upplýsingar á www.centralbank.ie

Lög og lögsagnarumdæmi

Um þessa váttryggingu gilda eingöngu íslensk lög og reglugerðir og komi upp einhver ágreiningur um eða í tengslum við þessa váttryggingu fellur hann eingöngu undir íslenska lögsögn.

Uppsetning váttryggingarskírteinis

Sé þess óskað getum við útvegað enskar útgáfur af váttryggingunni og fylgiskjöllum, þar á meðal skjal með upplýsingum um váttryggingarvöruna (IPID), á blindralettri, hljóðútgáfu eða í stærra prenti. Þarfnist þú annars sniðs á skjölunum getur þú haft samband við þann váttryggingaráðgjafa sem þú gerðir samninginn við.

Persónuverndarstefna AXIS Hvaða tilkynning er þetta?

Þetta er styttri útgáfa af „AXIS UK-EU Privacy Notice“. Þessi tilkynning á við um alla einstaklinga sem kaupa váttryggingu hjá fyrirtæki innan AXIS Capital Group („AXIS“) eða þiggja bætur úr váttryggingu sem keypt var af vinnuveitanda eða þriðja aðila fyrir þeirra hönd („þú“).

Í þessari tilkynningu gefum við þér samantekt á því hvenær, hvers vegna og hvernig við söfnum og notum persónuupplýsingar þínar, við hvaða aðstæður við kynnum að afhenda öðrum þær, hvernig við gætum þeirra og réttindi þín innan breskra og evrópskra persónuverndar laga.

Hver safnar persónuupplýsingunum þínum?

AXIS einingin sem tók upprunalega við persónuupplýsingunum þínum ber ábyrgð á umsjón með þeim („ábyrgðaraðili gagna“) og ber ábyrgð á því að ákvarða hvernig persónuupplýsingar þínar eru geymdar og nýttar. Þú getur haft samband við það AXIS fyrirtæki sem þú gerðir samning við eða váttryggingamiðlara þinn til þess að fá upplýsingar um ábyrgðaraðila gagna.

Hvers konar upplýsingar þurfum við um þig?

Við vinnum úr þeim persónuupplýsingum sem þú og þriðju aðilar veita okkur. Þar gætu verið innifaldar eftirfarandi upplýsingar:

- Upplýsingar varðandi sviksamlega starfsemi
- Banka upplýsingar
- Númer bótakrafna/tryggingaskírteina
- Lánayfirlit og láns hæfi
- Fæðingardagur og -staður
- Kyn
- Fjölskylduupplýsingar
- Kennitölu
- Hjúskaparstöðu
- Nafn, heimilisfang, símanúmer, netfang
- Áhættuupplýsingar

Og eftirfarandi flokkar sérstakra persónuupplýsinga:

- Afbrot
- Heilsufarsupplýsingar/sjúkrasaga
- Kynþáttur eða þjóðaruppruni

Viðeigandi öryggisráðstöfunum verður beitt þegar kemur að því að vinna sérstakar persónuupplýsingar.

Hvernig söfnum við persónuupplýsingunum þínum?

Ef þú ert tryggður hjá okkur eða ætlar að verða það, veitir þú eða fulltrúi þinn okkur upplýsingar í umsóknarferlinu. Við gætum einnig þurft upplýsingar um þig frá fjölskyldumeðlimum þínum, vinnuveitanda, lánastofnunum, gagnagrunnum sem sporna við svikum, lista yfir viðskiptaþvinganir og viðeigandi opinberum stofnunum, þar á meðal opinberum skrá og gagnagrunnum.

Hafir þú krafist bóta byrjum við að safna saman gögnum um þig þegar þú tilkynnir okkur um tjón, hvort sem það er tilkynnt af þér sjálfum eða öðrum nátengdum þér með leyfi til þess að krefjast bóta fyrir þína hönd. Við getum einnig safnað persónuupplýsingum um þig frá öðrum sem eru hluti af bótakröfunni, þar á meðal lögfræðingum, vitnum, sérfræðingum og tjónamatsfólki. Að lokum getum við einnig ráðfært okkur við aðrar opinberar heimildir til þess að réttlæta bótakröfu eða vernda gegn svikum eða öðrum fjárhagslegum glæpum.

Ákveðir þú að veita ekki þær persónuupplýsingar sem við höfum óskað eftir erum við ófær um að uppfylla faglegar, lagalegar og reglubundnar skyldur okkar og verðum þar af leiðandi mögulega ófær um að gera viðkomandi samning við þig. Hafi samningur þegar komist á getur ákvörðun þín um að veita okkur ekki þær upplýsingar sem við óskum eftir valdið töfum á því að við getum uppfyllt samningsbundnar skyldur okkar og gæti orðið til þess að við getum ekki haldið tilteknum samningi í gildi.

Hvers vegna söfnum við persónuupplýsingum?

Við söfnum persónuupplýsingum af eftirfarandi ástæðum:

- Til að setja upp reikning, þar á meðal bakgrunns upplýsingar [lögmætir hagsmunir, lagalegar skyldur, virkni samnings]
- Til að uppfylla lagalegar og reglubundnar skyldur [lagalegar skyldur]
- Til að þjónusta viðskiptavini [virkni samnings]
- Til að verja eða sækja lagalegar kröfur [koma á, vinna í eða verja lagalegar kröfur]
- Markaðssetningar starfsemi [samþykki, lögmætir hagsmunir]
- Til að meta þá áhættu sem fólgin er í tryggingunni [lögmætir hagsmunir, virkni samnings]
- Til að rannsaka eða lögsækja svik [koma á, vinna í eða verja lagalegar kröfur, lögmætir hagsmunir]
- Fyrir umsjón með bótakröfum [lögmætir hagsmunir, virkni samnings]
- Fyrir greiðslur til/frá einstaklingum [virkni samnings]
- Fyrir áhættumótun og sölutryggingar [lögmætir hagsmunir, virkni samnings]

Hversu lengi geymum við persónuupplýsingar?

Við varðveitum persónuupplýsingar þínar í samræmi við stefnu okkar um varðveislu gagna en ekki lengur en nauðsynlegt reynist til þess að veita þá þjónustu sem samþykkt hefur verið í samningi þínum við okkur eða til þess að fylgja lagalegum eða reglubundnum skyldum. Varðveislutímabil persónuupplýsinga er endurskoðað með reglubundnu millibili.

Hvert fara persónuupplýsingarnar þínar?

Við gætum þurft að færa persónuupplýsingarnar þínar til þriðja aðila eða til annarra AXIS félaga.

Að færa persónuupplýsingarnar þínar út fyrir Bretland eða evrópska efnahagssvæðið

Við kunnum að færa persónuupplýsingarnar þínar til annarra AXIS fyrirtækja og einnig til umboðsmanna okkar og verktaka í Bandaríkjunum, Bermúda, Indlandi, Singapore, Dubai og Filípseyjum. Í þeim tilfellum sem færa þarf persónuupplýsingar þínar út fyrir Bretland eða evrópska efnahagssvæðið grípum við til viðeigandi ráðstafana til þess að gæta þess að vernda persónuupplýsingar þínar og persónuverndar réttindi þín.

Réttindi þín

Gagnaverndarlög í Bretlandi og Evrópusambandinu sjá til þess að þú hefur ákveðin réttindi varðandi persónuupplýsingarnar þínar. Þú getur einnig lagt fram kvörtun hjá persónuvernd í þínu landi varðandi það hvernig persónuupplýsingum þínum er safnað og unnið úr þeim. Við svörum öllum gildum fyrirspurnum innan eins mánaðar frá móttöku og innheimtum almennt ekki gjald þegar við vinnum úr beiðni þinni.

Hvernig á að hafa samband við okkur

Allar spurningar varðandi persónuverndarstefnu okkar og þessa tilkynningu skyldi senda á neðangreint:

Nafn: Data Protection Officer
Netfang: dpo@axiscapital.com
Heimilisfang: 52 Lime Street, London EC3M 7AF
Sími: +44-20-7877-3800
Vefsíða: www.axiscapital.com/who-we-are/privacy

Mögulegt er að nálgast skilmálana á bæði ensku og íslensku á heimasíðu Tryggingamiðlunar Íslands, www.tmi.is